

Mikilvægt er að nemendur komi greiningargögnum eða staðfestingu á greiningu til sviðsstjóra starfsbrautar og brautarbrúar svo hægt sé að veita þá þjónustu sem þarf.

Skil á greiningargögnum eru alltaf á ábyrgð nemandans sjálfs eða forsjáraðila. Berist gögn ekki til skólans er ekki hægt að veita sértækan stuðning í námi.

### Símatsáfangar

Nemendur eru hvattir til að ræða sín mál við sína kennara og finna lausnir í samráði við þá. Mögulegt er að taka próf á bókasafni skólans, nýta sér talgervil, fá verkefni á lituðum pappír eða nýta rafrænar lausnir. Náms- og starfsráðgjafar ásamt sviðsstjóra geta verið til leiðbeiningar um þessi mál.

### Lokaprófsáfangar

Hægt er að sækja um ákveðin sérúrræði við próftöku í skriflegum lokaprófum. Sækja þarf um þessa þjónustu í Innu fyrir hvert próftímabil. Nemendur þurfa að vera vakandi fyrir því þegar opnað er fyrir þá skráningu.

### Sérúrræði í boði

Allir nemendur í VMA eru með lengdan próftíma, bæði í lokaprófum og verkefnum unnum á skólatíma, **ekki þarf að sækja sérstaklega um lengri próftíma.**

Hægt er að sækja um eftirfarandi í Innu:

- Upplestur á prófi, upptaka eða talgervill eftir aðstæðum
- Próf á lituðum pappír
- Próftöku í fámennri stofu, við sérstakar aðstæður
- Munnlegt próf/viðbót

Samþykki á sérúrræðum byggir á þeim gögnum/greiningum sem nemendur hafa skilað inn til sviðsstjóra.